

# Leiðréttum misréttið!



**1. þing Starfsgreinasambands Íslands**

---

Starfsgreinasamband Íslands

## **Ályktun um atvinnumál Skerðing þorskkvóta / atvinnuuppbygging**

Starfsgreinasamband Íslands harmar þá stöðu sem blasir við vegna niðurskurðar þorskkvóta. Þær mótvægisaðgerðir sem kynntar hafa verið munu ekki leysa vanda þeirra sem niðurskurður á þorskkvóta bitnar harðast á. Það er miður að ekki skuli hafa verið haft samráð við verkalýðshreyfinguna varðandi mótvægisaðgerðir áður en þær voru lagðar fram.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að sá vandi sem atvinnulífið víða á landsbyggðinni glímir við stafar ekki einungis af tímabundinni skerðingu þorskkvótans. Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur brugðist hvað varðar uppbyggingu fiskistofna og hefur leitt til mikillar byggðaröskunar. Starfsgreinasamband Íslands beinir því til ríkisstjórnarinnar að vera í meiri samvinnu við sveitarstjórnir, heimamenn í byggðarlögum og verkalýðshreyfinguna varðandi atvinnuuppbyggingu til framtíðar. Brýnt er að úrræði byggi á skýrri heildarsýn um byggða- og atvinnumál.